

AUGLÝSING

um umferð um Hvalfjarðargöng.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum vegamálastjóra, borgarráðs Reykjavíkur og hreppsnefndar Innri Akraneshrepps hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið eftirtaldar takmarkanir á umferð um Hvalfjarðargöng:

1. Hámarkshraði er 70 km/klst.
2. Flutningur á eldfimu gasi í tönkum og sprengiefni í yfir 50 kg förmum er ávallt bannaður. Flutningur á eldsneyti í tönkum (og tómum eldsneytistönkum) er bannaður frá kl. 15.00 til kl. 20.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Á sama tíma er aðeins leyft að flytja gas í hylkjum.
Flutningur á hættulegum farmi, eins og hann er skilgreindur í 4. gr. reglugerðar nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi, er bannaður á eftirgreindum tíma:
 - Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 01.00 á laugardögum.
 - Frá kl. 07.00 á laugardögum til kl. 01.00 á sunnudögum.
 - Frá kl. 07.00 á sunnudögum til kl. 01.00 á mánudögum.
 - Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi.
 - Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
 - Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.
3. Akstur dráttarvéla og vinnuvéla er bannaður á eftirgreindum tíma:
 - Frá kl. 16.00 til kl. 19.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.
 - Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 24.00 á sunnudögum.
 - Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi.
 - Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
 - Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.
4. Bönnuð er öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, umferð reiðmanna og rekstur búfjár, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. mars 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.